

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 6. maí 2020
UST202003-542/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting á deiliskipulagi Garðahverfis í Garðabæ

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis í Garðabæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreind verði 100 m² lóð fyrir 30 m² naust og uppsátur. Naustinu er ætlað að vera aðsetur fyrir kajakróðrarfélag. Lóðin er staðsett við svæði sem er friðlýst (Skerjafjörður). Ekki kemur fram í breytingartillögumni hvert umfang starfseminnar verður og hver áhrif hennar muni verða á lífríki svæðisins.

Friðlýst búsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að markmið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki á strönd, í fjöru og grunnsævi Skerjafjarðar. Einnig er markmið með friðlýsingunni að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í auðugu lífríki og möguleikum til útivistar við ströndina.


Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að það komi fram í breytingartillögumni hvert umfang starfseminnar verður og hver áhrif hennar muni verða á verndargildi svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki og verndargildi svæðisins.


Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við

ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur